# SKÝRINGAR VIÐ VATNSLÖGN.

EFNI:

Pípustærðir stálröra eru í mm ( innra þvermál ).
ø15 samsvarar ø1/2'' ø40 samsvarar ø 1.5''
ø20 samsvarar ø3/4'' ø50 samsvarar ø 2''
ø25 samsvarar ø 1'' ø65 samsvarar ø 2.5''
ø32 samsvarar ø1.25'' ø80 samsvarar ø 3''

Allar pípur innanhúss, bæði fyrir heitt og kalt neysluvatn, skulu vera ryðfrí stálrör og með skrúfuðum/pressuðum fittings, nema annað sé sérstaklega tekið fram ( s.s. plastpex (pl), álpex (álpl), kopar (Cu) þar sem tæringarhætta er á heitu neysluvatni.)

FRÁGANGUR:

Allar pípur skal leggja þannig að eðlileg þensla þeirra hindrist ekki. Á lögn skal setja tæmingarloka og lofttæmingarskrúfur þar sem við á. Efst á öllum lóðréttum stofnum og á hliðargreinum sem lengri eru en 4 metrar skal setja 30 cm langa loftpúða, þvermál þeirra skal vera jafnt og sverasti hluti stofnsins, talið frá aðaltengslueð. Endi á loftpúða sé rafsoðinn og galvanhúðaður eða með skrúfuðu loki.




FESTINGAR:

Festingar á lóðréttum rörum sé mest með 2 m bili, en upphengd lárétt rör með 1,2 m til 2,5 m bili, háð sverleika röra ( ca. 80 x þvermál röra ). Þar sem pípur eru sýnilegar skulu festingar miðast við það, t.d. gjörð sem grípur um rör og skrúfist á fæti við vegg.

EINANGRUN:

Allar stálpípur í neysluvatnskerfinu skal einangra með 20 mm glerullarholkum eða sambærilegri einangrun. Einangrun skal sívefja með þ.t.g. plastbandi og skal hafa minnst 50% yfirlöppun á kaldavatnslögninni og auk þess líma samskeyti þar. Þar sem lagnir eru sýnilegar skal auk þess sívefja með t.d. álþunnarinni grisju, sem síðan málist eða klæðist með þar til gerðum plasthólkum.
Lagnir í hitaklefa skal einnig einangra í þeim mæli sem hægt er og mála eða merkja með þ.t.g. merkjum hvað lögn flýtur, rautt fyrir heitt vatn og blátt fyrir kalt vatn.
Kaldavatnslögn skal sívefja með sísalpappa undir einangrun.
Setja skal 10 mm einangrunarplast milli útveggjar og einangraða röra.

LAGNIR Í JÖRÐU:

Lagnir utanhúss skal leggja í frostfrú dýpi, þ.e. 120 cm, en heimilt er að leggja á 90 cm dýpi sé lögn minna en 70 cm frá upphituðu húsi eða undir snjóbræðslulögn.
Efni í kaldavatnsheimæð sé plast, sem þolir minnst 6 Kg/cm þrýsting ( t.d. PEH rör ). Tilgreind stærð er ytra þvermál í mm.
Efni í stopploka og inn í hús sé plast ef aðstæður leyfa, en ella galvaniseruð stál, sem séu með þar til gerðum ábræddum asfaltmottum eða asfaltprimað og tvívafið með asfaltvettum striga.
Á vatnsheimæð komi stopploki með spindli upp úr jörðu. Skal vera t.d. ?100 st eða pl rör upp að steypujárnsloki í jarðvegshæð.
Tengilögn heits neysluvatns t.d. milli húsa skal kápuklæða og einangra, t.d. Barkarrör eða samsvarandi.

| | |
|---|---|
| ———— | Táknar kalt neysluvatn. |
| ———— | Táknar heitt neysluvatn. |
| —<— | Táknar kaldan töppunarstað. |
| —<— | Táknar heitan töppunarstað. |
| —<— | Táknar krana með slöngustút. |
| —⋈— | Táknar renniloka. |
| —⋈— | Táknar renniloka með spindli upp úr jörð. |
| —⋈— | Táknar öryggisloka. |
| —◆— | Táknar vatnsmælir. |
| —⊘— | Táknar einstreimisloka. |
| —<t | Táknar tæmingarventil. |
| —≤ | Táknar loftpúða. |

## Vatn: Afstöðumynd. 1:200.




Breytingar:

—

TÓV
TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI,
VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Óðinsgötu 8
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2211 Fax: 510 2201

Verkefni: FRÍSTUNDARHÚS LÓÐ 6 Í LANDI GÖTU
HRUNAMANNAHREPPI

Heiti: FRÁRENNSLI: GRUNNMYND, AFSTAÐA OG SKÝRINGAR

Hönnun: VÍFILL ODDSSON VERKFRÆÐINGUR
kt. 101238-3629 FVFÍ - FRV
GÚSTAF VÍFILSSON VERKFRÆÐINGUR
kt. 231163-5069 FVFÍ
KRISTJÁN S. GUÐMUNDSSON VERKFRÆÐINGUR
kt. 070254-5819 FVFÍ

Áritun aðalhönnuðar:

M. 1:50
R. G.V.
T. G.V.
Dags. Okt. 2012. Nr. 1432-4-1.